

SKANNAD



Garðabær
b.t. félagsmálastjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.10.19
Málalýðili	00.10.1
Mál nr.	1910288

Reykjavík, 20. október, 2019

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2020

Kvennaathvarfið hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Einnig athvarf fyrir konur sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals. Þeim dvalarkonum sem þess óska, stendur til boða aðstoð félagsráðgjafa og ráðgjöf lögfræðings við að taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Börn í dvöl fá viðtöl eftir því sem þroski þeirra leyfir. Árið 2018 dvöldu 135 konur og 70 börn í athvarfinu og var meðaldvalartími 31 dagur. Það sem af er árinu 2019, hafa 119 konur þegið dvöl í Kvennaathvarfinu. Á sama tíma og meðallengd dvalartíma kvenna í athvarfinu hefur verið að lengjast, hefur hlutfall kvenna sem snýr aftur heim í ofbeldisaðstæður að lokinni dvöl lækkað stórlega og var aðeins 13% á árinu 2018.

Auk þjónustu við dvalarkonur er konum boðið upp á viðtöl án þess að til dvalar komi en árlega nýta 200-300 konur sér þá þjónustu og voru 500 slík viðtöl veitt árið 2018. Jafnframt stendur öllum konum til boða símaráðgjöf sem veitt er allan sólarhringinn. Þá er Kvennaathvarfið einn af samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og bjóða ráðgjafar athvarfsins upp á regluleg viðtöl þar.

Kvennaathvarfið hefur jafnframt sinnt forvarna- og fræðslustarfi. Sem dæmi má nefna að fyrir styrk frá félags- og barnamálaráðherra voru gerð plaköt og límímiðar með skilaboðum á 8 tungumálum sem verið er að dreifa um þessar mundir. Þá er unnið að könnun á því hvaða þjónustu börn sem búa við heimilisofbeldi og dvelja í Kvennaathvarfinu fái hjá opinberum aðilum, svo eitthvað sé nefnt.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfsins og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskar Kvennaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2020 að fjárhæð kr. 500.000.

Ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is